

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1205/2008

2011/EES/40/06

frá 3. desember 2008

um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB að því er varðar
lýsigögn (*)FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB frá 14. mars 2007 um að koma á grunngerð fyrir landupplýsingar í Evrópubandalaginu (INSPIRE) ⁽¹⁾, einkum 4. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2007/2/EB er mælt fyrir um almennar reglur sem miða að því að koma á grunngerð fyrir landupplýsingar í Evrópubandalaginu. Þar eð notendur þurfa að geta fundið landgagnasöfn og -þjónustu og ákvarðað hvort þau megi nota og þá í hvaða tilgangi til að þessi grunngerð starfi eðlilega, skulu aðildarríki leggja fram lýsingar á viðkomandi landgagnasöfnum og -þjónustu í formi lýsigagna. Þar eð slík lýsigögn skulu vera samhæfð og nothæf innan Bandalagsins og yfir landamæri er nauðsynlegt að mæla fyrir um reglur varðandi lýsigögnin sem notuð eru til að lýsa landgagnasöfnunum og -þjónustunni sem samsvarar þeimunum sem talin eru upp í I., II. og III. viðauka við tilskipun 2007/2/EB.

2) Nauðsynlegt er að skilgreina mengi lýsigagnastaka til að hægt sé að auðkenna upplýsingatöfng sem lýsigögn eru skráð um, flokka þau, auðkenna landfræðilega staðsetningu þeirra og tímavíðmið, gæði þeirra og réttmæti, samræmi þeirra við framkvæmdarreglur fyrir rekstrarsamhæfi landsgagnasafna og -þjónustu, hömlur sem varða aðgang og notkun, og þá stofnun sem ber ábyrgð á töfngunum. Einnig er þörf á lýsigagnastökum sem tengjast lýsigagnaskránni sjálfri, til að fylgjast með því að lýsigögnin, sem skráð voru, séu uppfærð reglulega og til að auðkenna þá stofnun sem ber ábyrgð á skráningu og víðhaldi lýsigagnanna. Þetta er það

lágmarksmengi lýsigagnastaka sem þarf til að uppfylla ákvæði tilskipunar 2007/2/EB og kemur ekki í veg fyrir að stofnanir geti skjalfest upplýsingatöfngin af meiri nákvæmni, með víðbótarstökum úr alþjóðlegum stöðlum eða vinnuaðferðum sem tíðkast meðal þeirra hagsmunaaðila sem láta sig sömu málefni varða. Né heldur kemur það í veg fyrir að hægt sé að samþykkja víðmiðunarreglur sem framkvæmdastjórnin setur og uppfærir, einkum þegar tryggja þarf rekstrarsamhæfi lýsigagna.

- 3) Leiðbeiningar eru nauðsynlegar fyrir fullgildingu lýsigagna, í samræmi við tilskipun 2007/2/EB, að því er varðar skilyrði og væntanlega margfeldni hvers lýsigagnastaks, þ.e.a.s. hvort alltaf megi búast við að gildi hvers staks komi fyrir í lýsigagnaskránni, geti aðeins komið fyrir einu sinni, eða hvort þau geti komið fyrir oft en einu sinni.
- 4) Nauðsynlegt er að hafa upplýsingar um gildamengi hvers lýsigagnastaks til að tryggja rekstrarsamhæfi lýsigagna í fjöltýngdu samhengi og þetta gildamengi á að geta verið í formi frjáls texta, dagsetninga, kóða úr alþjóðlegum stöðlum s.s. tungumálakóða, lykilorða sem fengin eru úr stýrdum skráum eða hugtakaorðabókum (e. thesauri), eða stafastrengja.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 22. gr. tilskipunar 2007/2/EB.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð eru settar fram kröfur um skráningu og víðhald lýsigagna fyrir landgagnasöfn, landgagnasafnsráðir og landgagnþjónustu sem samsvara þeimunum sem talin eru upp í I., II. og III. viðauka við tilskipun 2007/2/EB.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð gilda þær skilgreiningar sem settar eru fram í A-hluta viðaukans auk þeirra skilgreininga sem mælt er fyrir um í 3. gr. tilskipunar 2007/2/EB.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 326, 4.12.2008, bls. 12. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 124/2010 frá 10. nóvember 2010 um breytingu á XX viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 12, 3.3.2011, bls. 26.

(1) Stjtið. ESB L 108, 25.4.2007, bls. 1.

3. gr.

Skráning og viðhald lýsigagna

Lýsigögn, sem lýsa landgagnasafni, landgagnasafnsröð eða landgagnaþjónustu, skulu fela í sér þau lýsigagnastök eða hópa lýsigagnastaka sem sett eru fram í B-hluta viðaukans og skal skrá þau og halda þeim við í samræmi við reglurnar sem settar eru fram í C- og D-hluta hans.

4. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. desember 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Stavros DIMAS

framkvæmdastjóri.

VIDAUKI

FRAMKVÆMDARREGLUR FYRIR LÝSIGÖGN

A-HLUTI

Túlkun.

1. Eftirfarandi skilgreiningar skulu gilda:
 - „stafastrengur“: gildamengi lýsigagnastaka, gefið upp sem mengi rittákna sem farið er með sem eina heild,
 - „frjáls texti“: gildamengi lýsigagnastaka, sett fram á einu eða fleiri náttúrlegum tungumálum,
 - „gagnabreytingaferli“: saga gagnasafns og vistferillinn frá söfnun og öflun gagnanna, um stig samantektar og afleiðslu, til núverandi forms þess, í samræmi við EN ISO-staðal 19101,
 - „lýsigagnastak“: stök eining af lýsigögnum, í samræmi við EN ISO-staðal 19115,
 - „nafnarými“: safn heita, auðkenndra með tilvísun til veffangs (e. uniform resource identifier, URI), sem notuð eru í skjölum á stækkanlegu ívafsmáli (e. extensible markup language, XML) sem stakheiti og eigindaheiti,
 - „gæði“: allir eiginleikar vöru sem varða getu hennar til að uppfylla tilgreindar og ótilgreindar þarfir, í samræmi við EN ISO-staðal 19101,
 - „tilfang“: upplýsingalind með beina eða óbeina tilvísun til tiltekinnar staðsetningar eða landsvæðis,
 - „landgagnasafnsröð“: samansafn landgagnasafna sem deila sömu gæðaforskriftinni.
2. Líta skal á vísanir til réttmætis landgagnasafna sem svo að þær varði eitthvað af eftirtöldu:
 - það rúm- og tímabil sem á við gögnin,
 - það hvort gögnin hafi verið yfirfarin samkvæmt mælikerfi eða kröfum um nothæfi,
 - það að hve miklu leyti gögnin hæfa tilgangi sínum,
 - lögmæti landsgagnasafnsins, eftir því sem við á.

B-HLUTI

Lýsigagnastök

1. UPPLÝSINGAR TIL AUÐKENNINGAR

Leggja skal fram eftirfarandi lýsigagnastök:

1.1. Heiti tilfangs

Þetta er einkennandi og í mörgum tilvikum einstakt heiti sem tilfangið gengur undir.

Gildamengi þessa lýsigagnastaks er frjáls texti.

- 1.2. Ágrip um tilfang
Þetta er stutt samantekt í samfelldu máli um innihald tilfangsins.
Gildamengi þessa lýsigagnastaks er frjáls texti.
- 1.3. Tegund tilfangs
Þetta er sú tegund tilfanga sem lýst er í lýsigögnunum.
Gildamengi þessa lýsigagnastaks er skilgreint í hluta D.1.
- 1.4. Staðsetning tilfangs
Staðsetning tilfangs skilgreinir tengilinn/tenglana við tilfangið og/eða tengilinn við viðbótarupplýsingar um tilfangið.
Gildamengi þessa lýsigagnastaks er stafastrengur sem venjulega er sett fram sem vefslóð (e. uniform resource locator - URL).
- 1.5. Veffang (e. unique resource identifier)
Gildi sem auðkennir tilfangið á einkvæman hátt.
Gildamengi þessa lýsigagnastaks er skyldubundinn stafastrengskóði, sem venjulega er úthlutað af eiganda gagnanna, og nafnarými í formi stafastrengs sem auðkennir á einkvæman hátt samhengi auðkenniskóðans (til dæmis eiganda gagnanna).
- 1.6. Samtengt tilfang
Ef tilfangið er landgagnaþjónusta auðkennir þetta lýsigagnastak marklandgagnasafn eða -söfn þjónustunnar gegnum vefköngin (URI), eftir því sem við á.
Gildamengi þessa lýsigagnastaks er skyldubundinn stafastrengskóði, sem venjulega er úthlutað af eiganda gagnanna, og nafnarými í formi stafastrengs sem auðkennir á einkvæman hátt samhengi auðkenniskóðans (til dæmis eiganda gagnanna).
- 1.7. Tungumál tilfangs
Tungumálið eða tungumálin sem notuð eru í tilfanginu.
Gildamengi þessa lýsigagnastaks takmarkast við tungumálin sem skilgreind eru í ISO-staðli 639-2.
2. FLOKKUN LANDGAGNA OG ÞJÓNUSTU
- 2.1. Efnisflokkur
Efnisflokkurinn er grófflokkunarkerfi (e. high-level classification scheme), til þess ætlað að auðvelda flokkun á tiltækum landgagnatilföngum og leit í þeim eftir efnisflokki.
Gildamengi þessa lýsigagnastaks er skilgreint í hluta D.2.
- 2.2. Tegund landgagnaþjónustu
Þetta er flokkun sem er ætlað að auðvelda leitina að tiltækri landgagnaþjónustu. Einungis skal flokka hverja tiltekna þjónustu í einn flokk.
Gildamengi þessa lýsigagnastaks er skilgreint í hluta D.3.
3. LYKILORÐ
Ef tilfangið er landgagnaþjónusta skal leggja fram a.m.k. eitt lykilorð úr hluta D.4.
Ef tilfang er landgagnasafn eða landgagnasafnsröð skal leggja fram a.m.k. eitt lykilorð úr almennu fjölmála hugtakaorðabókinni um umhverfismál (GEMET), sem lýsir því landgagnaþema sem skiptir máli eins og það er skilgreint í I., II. eða III. viðauka við tilskipun 2007/2/EB.
Fyrir hvert lykilorð skal leggja fram eftirfarandi lýsigagnastök:

3.1. Gildi lykilorðs

Gildi lykilorðs er algengt orð, formlegt orð eða orðasamband sem notað er til að lýsa viðfangsefninu. Efnisflokkurinn er of gróflaga skilgreindur fyrir nákvæmar fyrirspurnir en lykilorð eru hentug til að þrengja altæka textaleit og bjóða upp á skipulega lykilorðaleit.

Gildamengi þessa lýsigagnastaks er frjáls texti.

3.2. Upprunalegt, stýrt orðasafn

Ef gildi lykilorðs er fengið úr stýrðu orðasafni (hugtakaorðabók, verufræði), t.d. GEMET, skal gefa upp vísun í stýrða orðasafnið sem það á uppruna í.

Í þessari tilvísun skulu koma fram a.m.k. titill og viðmiðunardagsetning (útgáfudagur, dagur síðustu endurskoðunar eða skráningardagur) fyrir upprunalega stýrða orðasafnið.

4. LANDFRÆÐILEG STAÐSETNING

Krafan um landfræðilega staðsetningu, sem um getur í e-lið 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 2007/2/EB, skal sett fram með landfræðilegu afmörkuninni fyrir lýsigagnastakið.

4.1. Landfræðileg afmörkun (e. geographic bounding box)

Þetta er umfang tilfangsins í landfræðilega rýminu, gefið upp sem afmörkun (e. bounding box).

Afmörkunin skal gefin upp með lengdargráðum til vesturs og austurs og breiddargráðum til suðurs og norðurs í tugagráðum, af nákvæmni sem nemur a.m.k. tveimur aukastöfum.

5. TÍMAVIÐMIÐ

Þetta lýsigagnastak varðar kröfuna um að hafa upplýsingar um tímabátt gagnanna eins og um getur í d-lið 2. mgr. 8. gr. tilskipunar 2007/2/EB. Gefa skal upp a.m.k. eitt af þeim lýsigagnastökum sem um getur í liðum 5.1 til 5.4.

Gildamengi lýsigagnastakanna, sem um getur í liðum 5.1 til 5.4, er mengi dagsetninga. Hver dagsetning skal vísa til tímaviðmiðskerfis og skal sett fram á formi sem á við það kerfi. Sjálfgefna viðmiðskerfið skal vera gregoríanska tímatalið með dagsetningum sem eru tilgreindar í samræmi við ISO-staðal 8601.

5.1. Tímavidd

Tímaviddin afmarkar tímabilið sem innihald tilfangsins nær yfir. Heimilt er að tilgreina tímabilið sem eitthvað af eftirfarandi:

- stök dagsetning,
- tímabil milli dagsetninga, tilgreint með upphafsdagsetningu og lokadagsetningu tímabilsins,
- blanda af stökum dagsetningum og tímabilum milli dagsetninga.

5.2. Birtingardagur

Þetta er birtingardagur tilfangsins, þegar hann liggur fyrir, eða gildistökudagurinn. Um getur verið að ræða fleiri en einn birtingardag.

5.3. Dagsetning síðustu endurskoðunar

Þetta er dagsetning síðustu endurskoðunar tilfangsins, hafi tilfangið verið endurskoðað. Ekki skal tilgreina fleiri en eina dagsetningu síðustu endurskoðunar.

5.4. Skráningardagsetning

Þetta er dagsetningin þegar tilfangið var skráð. Ekki skal tilgreina fleiri en eina skráningardagsetningu.

6. GÆÐI OG RÉTTMÆTI

Eftirfarandi lýsigagnastök skulu ná yfir kröfurnar sem um getur í 2. mgr. 5. gr. og 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 2007/2/EB að því er varðar gæði og réttmæti landgagna:

6.1. Gagnabreytingaferli

Þetta er yfirlýsing um ferlissögu og/eða gæði landgagnasafnsins í heild. Hún getur falið í sér, eftir því sem við á, yfirlýsingu um hvort gagnasafnið hafi verið fullgilt eða gæðavottað, hvort það sé opinbera útgáfan (ef margar útgáfur eru til) og hvort það sé lögmætt.

Gildamengi þessa lýsigagnastaks er frjáls texti.

6.2. Staðupplausn

Staðupplausn vísar til sundurliðunarstigs gagnasafnsins. Hún skal sett fram sem mengi sem getur innihaldið enga og upp í margar ólíkar stærðir myndeinga (yfirléitt fyrir gögn með hnitanei og vörur sem unnar eru úr myndum) eða sem jafngildir kvarðar (yfirléitt fyrir kort eða vörur sem unnar eru úr kortum).

Jafngildur kvarði er yfirléitt settur fram sem heiltölugildi sem sýnir nefnara kvarðans.

Stærð myndeinga skal sett fram sem tölugildi ásamt lengdareiningu.

7. SAMRÆMI

Eftirfarandi lýsigagnastök skulu ná yfir kröfurnar sem um getur í a-lið 2. mgr. 5. gr. og d-lið 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 2007/2/EB að því er varðar samræmi og samræmisstig við framkvæmdarreglurnar sem samþykktar eru skv. 1. mgr. 7. gr. tilskipunar 2007/2/EB:

7.1. Forskrift

Þetta er tilvitnun í framkvæmdarreglurnar sem samþykktar eru skv. 1. mgr. 7. gr. tilskipunar 2007/2/EB eða önnur forskrift sem tiltekið tilfang samrýmist.

Tilfang getur samrýmst fleiri en einni framkvæmdarreglu sem samþykkt er skv. 1. mgr. 7. gr. tilskipunar 2007/2/EB eða annarri forskrift.

Í þessari tilvitnun skulu koma fram a.m.k. titill og viðmiðunardagsetning (útgáfudagur, dagur síðustu endurskoðunar eða skráningardagur) fyrir framkvæmdarreglurnar sem samþykktar eru skv. 1. mgr. 7. gr. tilskipunar 2007/2/EB eða fyrir forskriftina.

7.2. Samræmisstig

Þetta er stig samræmis milli tilfangsins og framkvæmdarreglnanna sem samþykktar eru skv. 1. mgr. 7. gr. tilskipunar 2007/2/EB eða annarrar forskriftar.

Gildamengi þessa lýsigagnastaks er skilgreint í D-hluta.

8. HÖMLUR SEM VARÐA AÐGANG OG NOTKUN

Hömlur sem varða aðgang og notkun skulu vera annað eða hvort tveggja af eftirtöldu:

- mengi skilyrða sem gilda um aðgang og notkun (8.1),
- mengi takmarkana á almennum aðgangi (8.2).

8.1. Skilyrði sem gilda um aðgang og notkun

Þetta lýsigagnastak skilgreinir skilyrðin fyrir aðgangi og notkun landgagnasafna og -þjónustu og, eftir atvikum, samsvarandi gjöld líkt og krafist er í b-lið 2. mgr. 5. gr. og f-lið 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 2007/2/EB.

Gildamengi þessa lýsigagnastaks er frjáls texti.

Stakið verður að hafa gildi. Ef engin skilyrði gilda um aðgang að og notkun á tilfanginu skal nota umsögnina „engin skilyrði gilda“. Ef skilyrði eru óþekkt skal nota umsögnina „skilyrði óþekkt“.

Þetta stak skal einnig veita upplýsingar um öll gjöld sem þarf að greiða til að fá aðgang að tilfanginu og nota það, eftir atvikum, eða vísa til vefslóðar (URL) þar sem finna má upplýsingar um gjöld.

8.2. Takmarkanir á aðgangi almennings

Þegar aðildarríki takmarka aðgang almennings að landgagnasöfnum og landgagnaþjónustu skv. 13. gr. tilskipunar 2007/2/EB skal þetta lýsigagnastak veita upplýsingar um takmarkanirnar og ástæðurnar fyrir þeim.

Ef engar takmarkanir eru á aðgangi almennings skal þetta lýsigagnastak gefa það til kynna.

Gildamengi þessa lýsigagnastaks er frjáls texti.

9. STOFNANIR SEM BERA ÁBYRGÐ Á STOFNUN, UMSJÓN, VIÐHALDI OG DREIFINGU LANDGAGNASAFNA OG -ÞJÓNUSTU

Leggja skal fram eftirfarandi tvö lýsigagnastök, að því er varðar d-lið 2. mgr. 5. gr. og g-lið 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 2007/2/EB:

9.1. Ábyrgur aðili

Þetta er lýsing á stofnuninni sem ber ábyrgð á gerð, umsjón, viðhaldi og dreifingu tilfangsins.

Í þessari lýsingu skulu koma fram:

- nafn samtakanna í formi frjáls texta,
- tölvupóstfang tengiliðar í formi stafastrengs.

9.2. Hlutverk ábyrgs aðila

Þetta er hlutverk hinnar ábyrgu stofnunar.

Gildamengi þessa lýsigagnastaks er skilgreint í D-hluta.

10. LÝSIGÖGN UM LÝSIGÖGN

Leggja skal fram eftirfarandi lýsigagnastök að því er varðar 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 2007/2/EB:

10.1. Lýsigagnatengiliður

Þetta er lýsing á stofnuninni sem ber ábyrgð á skráningu og viðhaldi lýsigagnanna.

Í þessari lýsingu skulu koma fram:

- nafn samtakanna í formi frjáls texta,
- tölvupóstfang tengiliðar í formi stafastrengs.

10.2. Lýsigagnadagsetning

Dagsetningin sem tilgreinir hvenær lýsigagnaskráin var gerð eða uppfærð.

Dagsetning þessi skal sett fram í samræmi við ISO-staðal 8601.

10.3. Tungumál lýsigagna

Þetta er tungumálið sem lýsigagnastökin eru tjáð á.

Gildamengi þessa lýsigagnastaks takmarkast við opinber tungumál Bandalagsins sem tilgreind eru í samræmi við ISO-staðal 639-2.

C-HLUTI

Leiðbeiningar um margfeldni og skilyrði lýsigagnastakanna

Lýsigögnin, sem lýsa tilfangi, skulu fela í sér, að því er varðar landgagnasafn eða landgagnasafnsröð, þau lýsigagnastök eða hópa lýsigagnastaka sem skráðir eru í töflu 1 og, að því er varðar landgagnasafnsþjónustu, þau lýsigagnastök eða hópa lýsigagnastaka sem skráðir eru í töflu 2.

Þessi lýsigagnastök eða hópar lýsigagnastaka skulu samrýmast þeirri margfeldni sem vænst er og þeim tengdu skilyrðum sem sett eru fram í töflum 1 og 2.

Þegar ekkert skilyrði er tilgreint í tengslum við tiltekið lýsigagnastök er það stak skyldubundið.

Í töflunum koma fram eftirfarandi upplýsingar:

- Í fyrsta dálkinum er tilvísun til málsgreinarinnar í B-hluta viðaukans sem skilgreinir lýsigagnastakið eða hóp lýsigagnastakanna.
- Í öðrum dálkinum er heiti lýsigagnastaksins eða hóps lýsigagnastakanna.
- Í þriðja dálkinum er margfeldni lýsigagnastaks tilgreind. Margfeldnin er látin í ljós samkvæmt táknum UML-skilgreiningarmálsins fyrir margfeldni, þar sem:
 - 1 merkir að þetta lýsigagnastak skuli aðeins koma fyrir einu sinni í mengi niðurstaðna,
 - 1..* merkir að þetta lýsigagnastak skuli koma fyrir a.m.k. einu sinni í mengi niðurstaðna,
 - 0..1 gefur til kynna að lýsigagnastak megi vera fyrir hendi í mengi niðurstaðna að uppfylltum skilyrðum en megi aðeins koma fyrir einu sinni,
 - 0.* gefur til kynna að lýsigagnastak megi vera fyrir hendi í mengi niðurstaðna að uppfylltum skilyrðum en megi koma fyrir einu sinni eða oftar,
 - þegar margfeldnin er 0..1 eða 0.* fer það eftir skilyrðinu hvort lýsigagnastök eru skyldubundin.
- Í fjórða dálkinum er skilyrt setning ef margfeldni staksins gildir ekki um allar tegundir tilfanga. Við aðrar aðstæður eru öll stök skyldubundin.

Tafla 1

Lýsigögn fyrir landgagnasöfn og landgagnasafnsraðir

Tilvísun	Lýsigagnastök	Margfeldni	Skilyrði
1.1	Heiti tilfangs	1	
1.2	Ágrip um tilfang	1	
1.3	Tegund tilfangs	1	
1.4	Staðsetning tilfangs	0..*	Skyldubundið ef vísað er á vefslóð þar sem afla má frekari upplýsinga um tilfangið og/eða þjónustu er varðar aðgang.
1.5	Veffang (e. unique resource identifier)	1..*	
1.7	Tungumál tilfangs	0..*	Skyldubundið ef tilfangið inniheldur textaupplýsingar.
2.1	Efnisflokkur	1..*	
3	Lykilorð	1..*	
4.1	Landfræðileg afmörkun (e. geographic bounding box)	1..*	
5	Tímaviðmið	1..*	
6.1	Gagnabreytingaferli	1	
6.2	Staðupplausn	0..*	Skyldubundið fyrir gagnasöfn og gagnasafnsraðir ef hægt er að tilgreina jafngildan kvarða og stærð myndeininga.
7	Samræmi	1..*	
8.1	Skilyrði fyrir aðgangi og notkun	1..*	
8.2	Takmarkanir á aðgangi almennings	1..*	
9	Ábyrg stofnun	1..*	
10.1	Lýsigagnatengiliður	1..*	
10.2	Lýsigagnadagsetning	1	
10.3	Tungumál lýsigagna	1	

Tafla 2

Lýsigögn fyrir landgagnaþjónustu

Tilvísun	Lýsigagnastak	Margfeldni	Skilyrði
1.1	Heiti tilfangs	1	
1.2	Ágrip um tilfang	1	
1.3	Tegund tilfangs	1	
1.4	Staðsetning tilfangs	0..*	Skyldubundið ef tenging við þjónustuna er fyrir hendi.
1.6	Samtengt tilfang	0..*	Skyldubundið ef tenging við gagnasöfn, sem notuð eru til að starfrækja þjónustuna, er fyrir hendi.
2.2	Tegund landgagnaþjónustu	1	
3	Lykilorð	1..*	
4.1	Landfræðileg afmörkun (e. geographic bounding box)	0..*	Skyldubundið fyrir þjónustu sem hefur skýrt afmarkað landfræðilegt umfang.
5	Tímaviðmið	1..*	
6.2	Staðupplausn	0..*	Skyldubundið ef staðupplausn fyrir þessa þjónustu er takmörkuð.
7	Samræmi	1..*	
8.1	Skilyrði fyrir aðgangi og notkun	1..*	
8.2	Takmarkanir á aðgangi almennings	1..*	
9	Ábyrg stofnun	1..*	
10.1	Lýsigagnatengiliður	1..*	
10.2	Lýsigagnadagsetning	1	
10.3	Tungumál lýsigagna	1	

D-HLUTI

Gildamengi

Gildamengin, sem lýst er í hlutum D.1 til D.6, skulu notuð með margfeldninni sem gefin er upp í töflum 1 og 2 í C-hluta, þegar það er tekið fram í lýsingunni á lýsigagnastökunum í B-hluta.

Hvert gildi á tilteknu sviði er skilgreint með:

- tölulegu kennimerki,
- heiti í formi texta fyrir mennska notendur, sem hægt er að þýða á ólík tungumál Bandalagsins,
- mállega hlutlausu heiti fyrir tölvur (gildinu sem gefið er upp innan sviga),
- valkvæðri lýsingu eða skilgreiningu.

1. TEGUND TILFANGS

- 1.1. Landgagnasafnsröð (röð)
- 1.2. Landgagnasafn (gagnasafn)
- 1.3. Landgagnaþjónusta (þjónusta)

2. EFNISFLOKKAR Í SAMRÆMI VIÐ EN ISO-STADAL 19115
 - 2.1. Búskapur (farming)

Dýraeldi og/eða ræktun plantna

Þessi flokkur tekur til aðstöðu fyrir landbúnað og lagareldi, landgagnaþemað í 9. lið III. viðauka við tilskipun 2007/2/EB.
 - 2.2. Lífríki (biota)

Plönturíki og/eða dýraríki í náttúrulegu umhverfi.

Þessi flokkur tekur til eftirfarandi landgagnaþema úr tilskipun 2007/2/EB: Líflandfræðileg svæði í 17. lið III. viðauka, búsvæði og lífvist í 18. lið III. viðauka og útbreiðsla tegunda í 19. lið III. viðauka.
 - 2.3. Landamæri (boundaries)

Lagalegar landsvæðislýsingar.

Þessi flokkur tekur til eftirfarandi landgagnaþema úr tilskipun 2007/2/EB: Stjórnsýslueiningar í 4. lið I. viðauka og tölfraðilegar einingar í 1. lið III. viðauka.
 - 2.4. Loftslag / veður / andrúmsloft (climatologyMeteorologyAtmosphere)

Ferli og fyrirbæri í andrúmsloftinu.

Þessi flokkur tekur til eftirfarandi landgagnaþema úr tilskipun 2007/2/EB: Skilyrði í lofthjúpi í 13. lið III. viðauka og veðurfræðilegar landfræðifitjur í 14. lið III. viðauka.
 - 2.5. Atvinnulíf (economy)

Atvinnustarfsemi, aðstæður og atvinnumál.

Þessi flokkur tekur til eftirfarandi landgagnaþema úr tilskipun 2007/2/EB: Orkuauðlindir í 20. lið III. viðauka og jarðefnaauðlindir í 21. lið III. viðauka.
 - 2.6. Hæð (elevation)

Hæð yfir eða undir sjávarmáli.

Þessi flokkur tekur til eftirfarandi landgagnaþema úr tilskipun 2007/2/EB: Hæð, í 1. lið II. viðauka.
 - 2.7. Umhverfismál (environment)

Umhverfisauðlindir, verndun og varðveisla.

Þessi flokkur tekur til eftirfarandi landgagnaþema úr tilskipun 2007/2/EB: Vernduð svæði, í 9. lið I. viðauka.
 - 2.8. Jarðvísindalegar upplýsingar (geoscientificInformation)

Upplýsingar sem varða jarðvísindi.

Þessi flokkur tekur til eftirfarandi landgagnaþema úr tilskipun 2007/2/EB: Jarðvegur í 3. lið III. viðauka, jarðfræði í 4. lið II. viðauka og náttúruleg áhættusvæði í 12. lið III. viðauka.
 - 2.9. Heilbrigði (health)

Heilbrigði, heilbrigðisþjónusta, mannvistfræði og öryggi.

Þessi flokkur tekur til eftirfarandi landgagnaþema úr tilskipun 2007/2/EB: Heilbrigði og öryggi manna, í 5. lið III. viðauka.
 - 2.10. Myndir / grunnkort / yfirborðspekja (imageryBaseMapsEarthCover)

Grunnkort.

Þessi flokkur tekur til eftirfarandi landgagnaþema úr tilskipun 2007/2/EB: Uppréttar fjarkönnunarmyndir í 3. lið II. viðauka og landgerðir í 2. lið II. viðauka.

2.11. Trúnaðargögn / hermál (intelligenceMilitary)

Herstöðvar, mannvirki og starfsemi.

Þessi flokkur tekur ekki sérstaklega til neinna landgagnaþema úr tilskipun 2007/2/EB:

2.12. Innri vatnaleiðir (inlandWaters)

Fitjur innri vatnaleiða, frárenniskerfi og einkenni þeirra.

Þessi flokkur tekur til eftirfarandi landgagnaþema úr tilskipun 2007/2/EB: Vatnafar, í 8. lið I. viðauka.

2.13. Staðsetning (location)

Staðargögn og þjónusta.

Þessi flokkur tekur til eftirfarandi landgagnaþema úr tilskipun 2007/2/EB: Örmefni í 3. lið I. viðauka og heimilisföng í 5. lið I. viðauka.

2.14. Úthöf (oceans)

Fitjur og einkenni saltvatnshlota (að undanskildum innri vatnaleiðum).

Þessi flokkur tekur til eftirfarandi landgagnaþema úr tilskipun 2007/2/EB: Innhafssvæði í 16. lið III. viðauka og haffræðilegar landfræðifitjur í 15. lið III. viðauka.

2.15. Áætlanagerð / fasteignaskrá (planningCadastre)

Upplýsingar sem notaðar eru vegna viðeigandi aðgerða er varða framtíðarnotkun landsins.

Þessi flokkur tekur til eftirfarandi landgagnaþema úr tilskipun 2007/2/EB: Landareignir og lóðir í 6. lið I. viðauka, landnotkun í 4. lið III. viðauka og svæði sem lúta stjórnun/takmörkunum/reglugerðum og skýrslugjafareiningar í 11. lið III. viðauka.

2.16. Samfélag (society)

Einkenni samfélaga og menningarheima.

Þessi flokkur tekur til eftirfarandi landgagnaþema úr tilskipun 2007/2/EB: Mannfjöldadreifing – lýðfræði, í 10. lið III. viðauka.

2.17. Bygging (structure)

Mannvirki.

Þessi flokkur tekur til eftirfarandi landgagnaþema úr tilskipun 2007/2/EB: Byggingar í 2. lið III. viðauka, framleiðslu- og iðnaðaraðstaða í 8. lið III. viðauka og umhverfisvöktunaraðstaða í 7. lið III. viðauka.

2.18. Flutningur (transportation)

Úrræði og leiðir til að flytja fólk og/eða vörur.

Þessi flokkur tekur til eftirfarandi landgagnaþema úr tilskipun 2007/2/EB: Flutninganet, í 7. lið I. viðauka.

2.19. Veitubjónusta / fjarskipti (utilitiesCommunication)

Orka, vatns- og skolpkerfi og fjarskiptavirki og -þjónusta.

Þessi flokkur tekur til eftirfarandi landgagnaþema úr tilskipun 2007/2/EB: Veitur og þjónusta á vegum stjórnvalda, í 6. lið III. viðauka.

3. TEGUND LANDGAGNAÞJÓNUSTU

3.1. Leitarþjónusta (discovery)

Þjónusta sem gerir kleift að leita að landgagnasöfnum og -þjónustu á grundvelli innihalds samsvarandi lýsigagna og að birta innihald lýsigagnanna.

3.2. Skoðunarþjónusta (view)

Þjónusta sem gerir kleift, að lágmarki, að birta, rápa um, þysja að/frá, skotra eða leggja gagnalag yfir sýnileg landgagnasöfn og að birta skýringartexta og allt viðeigandi innihald lýsigagna.

3.3. Niðurhalsþjónusta (download)

Þjónusta sem gerir kleift að hala niður afrit af landgagnasöfnum eða hluta slíkra safna og, ef unnt er, fá beinan aðgang að þeim.

3.4. Vörpunarþjónusta (Transformation Service)

Þjónusta sem gerir kleift að varpa landgagnasöfnum með það í huga að ná fram rekstrarsamhæfi.

3.5. Virkjun landgagnaþjónustu (invoke)

Þjónusta sem gerir kleift að skilgreina bæði það gagnaílag og gagnafrálag sem þjónustan gerir ráð fyrir svo og verkflæði eða þjónustukeðju sem sameinar margs konar þjónustu. Hún gerir einnig kleift að skilgreina ytri skilflöt vefþjónustu verkflæðisins eða þjónustukeðjunnar.

3.6. Önnur þjónusta (other)

4. FLOKKUN LANDGAGNAÞJÓNUSTU

Lykilorðin byggjast á flokkunarkerfi landfræðilegrar þjónustu í EN ISO-staðli 19119. Þetta flokkunarkerfi er skipulagt eftir flokkum er skiptast í undirflokka sem skilgreina gildamengi flokkunar landgagnaþjónustunnar.

100 *Gagnvirk landfræðileg þjónusta fyrir notendur (humanInteractionService)*

Þessi flokkur felur í sér eftirfarandi undirflokka:

101 Efnisskrárskoðari (humanCatalogueViewer)

Biðlaraþjónusta sem gerir notanda kleift, með gagnvirkum samskiptum við efnisskrá, að staðsetja, skoða og halda utan um lýsigögn um landfræðileg gögn eða landfræðilega þjónustu.

102 Landfræðiskoðari (humanGeographicViewer)

Biðlaraþjónusta sem gerir notanda kleift að skoða eitt eða fleiri fitjusöfn eða þekjur.

103 Reiknivangsskoðari fyrir landfræðilegar upplýsingar (humanGeographicSpreadsheetViewer)

Biðlaraþjónusta sem gerir notanda kleift að eiga gagnvirk samskipti við marga gagnahluti og fara fram á útreikninga sem eru áþekkir reiknivangi en víkkaðir þannig að þeir ná einnig yfir landfræðileg gögn.

104 Þjónusturitill (humanServiceEditor)

Biðlaraþjónusta sem gerir notanda kleift að stjórna landfræðivinnsluþjónustu.

105 Ritill fyrir keðjuskilgreiningar (humanChainDefinitionEditor)

Veitir keðjuskilgreiningaþjónustu fyrir notendasamskipti.

- 106 Verklæðiskeysrlustjóri (humanWorkflowEnactmentManager)
Veitir verklæðisstjórnunarþjónustu fyrir notendasamskipti.
- 107 Ritill fyrir landfræðifitjur (humanGeographicFeatureEditor)
Landfræðiskoðari sem gerir notanda kleift að eiga gagnvirk samskipti við fitjugögn.
- 108 Landfræðitáknritill (humanGeographicSymbolEditor)
Biðlaraþjónusta sem gerir mennskum notanda kleift að velja táknasöfn og stýra þeim.
- 109 Fitjuhlæfingarritill (humanFeatureGeneralizationEditor)
Biðlaraþjónusta sem gerir notanda kleift að breyta kortagerðareiginleikum fitju eða fitjusafns með því að einfalda myndbirtingu þess en halda jafnframt meginþáttum þess – landfræðileg hliðstæða einföldunar.
- 110 Skoðari fyrir skipan landfræðigagna (humanGeographicDataStructureViewer)
Biðlaraþjónusta sem veitir notanda aðgang að hluta gagnasafns til að sjá innra skipulag þess.
- 200 *Landfræðileg fyrirmynd/upplýsingastjórnunarþjónusta (infoManagementService)*
- Þessi flokkur felur í sér eftirfarandi undirflokkar:
- 201 Fitjuaðgangþjónusta (infoFeatureAccessService)
Þjónusta sem veitir biðlara aðgang að og stjórn á gagnageymslu fyrir fitjur.
- 202 Kortaaðgangþjónusta (infoMapAccessService)
Þjónusta sem veitir biðlara aðgang að myndrænni útfærslu landfræðilegra gagna, þ.e. myndum af landfræðilegum gögnum.
- 203 Aðgangþjónusta að þekjugögnum (infoCoverageAccessService)
Þjónusta sem veitir biðlara aðgang að og stjórn á þekjugagnageymslu.
- 204 Nema lýsingarþjónusta (infoSensorDescriptionService)
Þjónusta sem gefur lýsingu á þekjugagnanema, þ.m.t. staðsetning hans og stefna, ásamt rúmfræðilegum, aflrænum og geislafræðilegum einkennum nemans vegna landvinnslu.
- 205 Afurðaaðgangþjónusta (infoProductAccessService)
Þjónusta sem veitir aðgang að og stjórn á gagnageymslu fyrir landfræðilegar afurðir.
- 206 Fitjutegundþjónusta (infoFeatureTypeService)
Þjónusta sem veitir biðlara aðgang að og stjórn á gagnageymslu fyrir skilgreiningar á fitjutegundum.
- 207 Efnisskrárþjónusta (infoCatalogueService)
Þjónusta vegna leitar í og stjórna á geymslu lýsigagna sem fjalla um tilvik.

- 208 Stýriskrárbjónusta (infoRegistryService)
Bjónusta sem veitir aðgang að geymslu lýsigagna sem fjalla um tegundir.
- 209 Landfræðiorðabókabjónusta (infoGazetteerService)
Bjónusta sem veitir aðgang að skrá yfir tilvik um flokk eða flokka raunverulegra fyrirbæra, sem inniheldur einhverjar upplýsingar um staðsetningu.
- 210 Pantanameðhöndlunarbjónusta (infoOrderHandlingService)
Bjónusta sem gerir biðlara kleift að panta afurðir frá söluaðila.
- 211 Fastapantanabjónusta (infoStandingOrderService)
Pantanameðhöndlunarbjónusta sem gerir notanda kleift að óska eftir að afurð, sem nær yfir tiltekið landsvæði, verði dreift þegar hún verður tiltæk.

300 *Landfræðileg bjónusta fyrir verkflæði og verkefnastjórnun (taskManagementService)*

Þessi flokkur felur í sér eftirfarandi undirflokka:

- 301 Keðjuskilgreiningarbjónusta (chainDefinitionService)
Bjónusta sem skilgreinir keðju og gerir kleift að framkvæma verkefni hennar með verkflæðisframkvæmdarbjónustu.
- 302 Verkflæðisframkvæmdarbjónusta (workflowEnactmentService)
Verkflæðisframkvæmdarbjónustan túlkar keðju og stýrir eintekningu bjónustu og röðun starfsemi.
- 303 Áskriftarbjónusta (subscriptionService)
Bjónusta sem gerir biðlara kleift að skrá sig svo þeim berist tilkynningar um viðburði.

400 *Landfræðivinnslubjónusta – landþættir (spatialProcessingService)*

Þessi flokkur felur í sér eftirfarandi undirflokka:

- 401 Hnitaumbreytingarbjónusta (spatialCoordinateConversionService)
Bjónusta sem umreiknar hnit úr einu hnitakerfi í annað hnitakerfi sem tengist sama landmælingaviðmiði.
- 402 Hnitavörpunarbjónusta (spatialCoordinateTransformationService)
Bjónusta sem umreiknar hnit úr viðmiðunarhnitakerfi sem byggist á einu landmælingaviðmiði yfir í viðmiðunarhnitakerfi sem byggist á öðru landmælingaviðmiði.
- 403 Umbreytingarbjónusta fyrir þekjugögn/vigurgögn (spatialCoverageVectorConversionService)
Bjónusta sem breytir landfræðilegri framsetningu úr þekjugerðarlýsingu í vigurgerðarlýsingu, eða öfugt.

- 404 Myndhnitaumbreytingarþjónusta (`spatialImageCoordinateConversionService`)
Hnitavörpunar- eða hnitaumbreytingarþjónusta til að breyta viðmiðunarhnitakerfi myndar.
- 405 Leiðréttingarþjónusta (`spatialRectificationService`)
Þjónusta til að varpa mynd í hornrétt, samsíða ofanvarp og þar með í fastan kvarða.
- 406 Uppréttingarþjónusta (`spatialOrthorectificationService`)
Leiðréttingarþjónusta sem eyðir myndhalla og tilfærslu sem verður vegna landhækkunar.
- 407 Aðlögunarþjónusta fyrir rúmfræðilíkön nema (`spatialSensorGeometryModelAdjustmentService`)
Þjónusta sem aðlagar rúmfræðilíkön nema þannig að betra samræmi náist milli myndarinnar og annarra mynda og/eða þekktra staðsetninga á jörðinni.
- 408 Umbreytingarþjónusta fyrir rúmfræðilíkön mynda (`spatialImageGeometryModelConversionService`)
Þjónusta sem breytir rúmfræðilíkönnum nema í önnur, jafngild rúmfræðilíkön nema.
- 409 Úttektarþjónusta (`spatialSubsettingService`)
Þjónusta sem dregur gögn úr ílagi á samfelldu landsvæði, annað hvort út frá landfræðilegri staðsetningu eða hnitum í hnitakerfi.
- 410 Úrtökuþjónusta (`spatialSamplingService`)
Þjónusta sem dregur gögn úr ílagi samkvæmt samræmdu úrtakskerfi, annað hvort út frá landfræðilegri staðsetningu eða hnitum í hnitakerfi.
- 411 Tíglunarbreytingarþjónusta (`spatialTilingChangeService`)
Þjónusta sem breytir tíglun landfræðilegra gagna.
- 412 Stærðarmælingarþjónusta (`spatialDimensionMeasurementService`)
Þjónusta til að reikna út mál (e. dimensions) hluta sem sjást á mynd eða í öðrum landgögnum.
- 413 Fitjumeðferðarþjónusta (`spatialFeatureManipulationService`)
Skráning einnar fitju með annari fitju, mynd, eða öðru gagnasafni eða hnitamengi, og leiðrétting hlutfallslegra hliðrana og misræmis sem viðkemur snúningi, kvörðum og sjónarhorfi. Sannprófun á því að allar fitjur í fitjusafninu séu í grannfræðilegu samræmi samkvæmt grannfræðireglum fitjusafnsins, og greining og/eða leiðrétting á hverju því ósamræmi sem finnst.
- 414 Fitjumátunarþjónusta (`spatialFeatureMatchingService`)
Þjónusta sem ákvarðar hvaða fitjur og fitjuhltar úr mörgum ólíkum gagnahæimildum standa fyrir sama einindi í raunveruleikanum, t.d. jaðarmátun og takmörkuð samfelling.

- 415 Fitjualhæfingarþjónusta (spatialFeatureGeneralizationService)
- Þjónusta sem dregur úr landfræðilegum mismun í fitjusafni, í þeim tilgangi að auka skilvirkni í boðskiptum, með því að vinna á móti óæskilegum áhrifum gagnafækkunar.
- 416 Leiðarákvörðunarþjónusta (spatialRouteDeterminationService)
- Þjónusta sem ákvarðar bestu leiðina milli tveggja tilgreindra staða, á grundvelli þeirra ílagsstika og eiginleika sem eru til staðar í fitjusafninu.
- 417 Staðsetningarþjónusta (spatialPositioningService)
- Þjónusta, sem veitt er af staðsetningarbúnaði, í þeim tilgangi að nota upplýsingar um staðsetningu, afla þeirra og túlka þær með ótvíræðum hætti, auk þess að ákvarða hvort niðurstöðurnar uppfylli notkunarskilyrðin.
- 418 Nálægðargreiningarþjónusta (spatialProximityAnalysisService)
- Þjónusta sem finnur, þegar um er að ræða tiltekna staðsetningu eða landfræðifitju, alla hluti sem búa yfir tilteknum eigindum og eru staðsettir innan ákveðinnar fjarlægðar, sem skilgreind er af notendum, frá fyrrnefndri staðsetningu eða fitju.
- 500 *Landfræðivinnsluþjónusta – þemu (thematicProcessingService)*
- Þessi flokkur felur í sér eftirfarandi undirflokka:
- 501 Landstikareikniþjónusta (thematicGoparameterCalculationService)
- Þjónusta sem miðar að því að fá út notkunarmiðaðar, meginlegar niðurstöður sem er ekki hægt að fá út úr sjálfum óunnu gögnunum.
- 502 Þemaflokkunarþjónusta (thematicClassificationService)
- Þjónusta sem flokkar landfræðileg gagnasvið út frá þemaeigindum.
- 503 Fitjualhæfingarþjónusta (thematicFeatureGeneralizationService)
- Þjónusta sem alhæfir fitjutegundir í fitjusafni, í þeim tilgangi að auka skilvirkni í boðskiptum, með því að vinna á móti óæskilegum áhrifum gagnafækkunar.
- 504 Úttektarþjónusta (thematicSubsettingService)
- Þjónusta sem dregur gögn úr ílagi, á grundvelli stikagilda.
- 505 Landtalaningaráþjónusta (thematicSpatialCountingService)
- Þjónusta sem telur landfræðilegar fitjur
- 506 Breytingagreiningarþjónusta (thematicChangeDetectionService)
- Þjónusta sem greinir mismun á tveimur gagnasöfnum sem tákna sama landsvæði á mismunandi tímum.
- 507 Útdráttarþjónusta fyrir landfræðilegar upplýsingar (thematicGeographicInformationExtractionService)
- Þjónusta sem styður útdrátt upplýsinga um fitjur og landsvæði úr fjarkönnuðum og -skönnuðum myndum.

- 508 Myndvinnsluþjónusta (*thematicImageProcessingService*)
Þjónusta sem breytir gildum þemaieginda myndar með því að nota stærðfræðilegt fall.
- 509 Þjónusta sem minnkar upplausn (*thematicReducedResolutionGenerationService*)
Þjónusta sem dregur úr upplausn myndar.
- 510 Myndmeðhöndlunarþjónusta (*thematicImageManipulationService*)
Þjónusta til að hafa áhrif á gagnagildi í myndum, t.d. til að breyta lit og birtumun, nota ýmsar síur, hafa áhrif á myndupplausn, fjarlægja gagnasúð, dreifvista (e. striping), gera kerfisbundnar/geislunarmælifræðilegar leiðréttingar, deyfja lofthjúpsáhrif, breyta vangslýsingu o.s.frv.
- 511 Myndskilningsþjónusta (*thematicImageUnderstandingService*)
Þjónusta sem gerir kleift að stunda sjálfvirka myndbreytingagreiningu, skráða framsetningu á mismun mynda (e. image differencing) greiningu og sjónræna framsetningu á vægi mismunar, og svæðismiðaða og líkansmiðaða mismunargreiningu.
- 512 Myndgervingarþjónusta (*thematicImageSynthesisService*)
Þjónusta til að búa til eða varpa myndum með notkun tölvugerðra landlíkana, varpa sjónarhorfum og hafa áhrif á eiginleika mynda til að auka sýnileika, skerpa upplausn og/eða draga úr áhrifum af skýjahulu eða mistri.
- 513 Meðhöndlun tíðnisviðs myndar (*thematicMultibandImageManipulationService*)
Þjónusta sem breytir mynd með því að nota hin mismunandi tíðnisvið myndarinnar.
- 514 Hlutagreiningarþjónusta (*thematicObjectDetectionService*)
Þjónusta sem greinir raunverulega hluti sem koma fram á mynd.
- 515 Landþáttunarþjónusta (*thematicGeoparsingService*)
Þjónusta sem skannar textaskjöl til að finna tilvísanir til staða, svo sem örnefni, heimilisföng, póstnúmer o.s.frv. svo að unnt sé að senda skjölin áfram til landkóðunar.
- 516 Landkóðun (*thematicGeocodingService*)
Þjónusta sem bætir landfræðilegum hnitum (eða annars konar landfræðilegri tilvísun) við staðartilvísanir í textum.
- 600 *Landfræðivinnsluþjónusta – tímaskeið (temporalProcessingService)*

Þessi flokkur felur í sér eftirfarandi undirflokk:

- 601 Vörpunarþjónusta fyrir tímaviðmiðskerfi (*temporalReferenceSystemTransformationService*)
Þjónusta sem umreiknar gildi tilvika í tíma úr einu tímaviðmiðskerfi í annað.
- 602 Úttektarþjónusta (*temporalSubsettingService*)
Þjónusta sem dregur gögn úr ílagi á samfelldu tímabili á grundvelli tímastaðsetningargilda.

603 Úrtökuþjónusta (*temporalSamplingService*)
Þjónusta sem dregur gögn úr ílagi samkvæmt samræmdu úrtakskerfi á grundvelli tímastaðsetningargilda.

604 Tímanándargreiningarþjónusta (*temporalProximityAnalysisService*)
Þjónusta sem finnur, þegar um er að ræða tiltekið tímabil eða atburð, alla hluti sem búa yfir tilteknum eigindum og eru staðsettir innan ákveðins tímabils, sem skilgreint er af notendum, frá fyrrnefndu tímabili eða atburði.

700 *Landfræðivinnsluþjónusta – lýsigögn (metadataProcessingService)*

Þessi flokkur felur í sér eftirfarandi undirflokk:

701 Tölfræðiútreikningsþjónusta (*metadataStatisticalCalculationService*)

Þjónusta sem reiknar út tölfræðilegar upplýsingar gagnasafns.

702 Landfræðileg skýringaþjónusta (*metadataGeographicAnnotationService*)

Þjónusta til að bæta viðbótarupplýsingum við mynd eða fitju í fitjusafni.

800 *Landfræðileg fjarskiptaþjónusta (comService)*

Þessi flokkur felur í sér eftirfarandi undirflokk:

801 Kóðunarþjónusta (*comEncodingService*)

Þjónusta sem gerir kleift að beita kóðunarreglu og er skilflötur fyrir kóðun og afkóðun.

802 Flutningsþjónusta (*comTransferService*)

Þjónusta sem gerir kleift að beita flutningsreglu, einni eða fleiri, og þar með að flytja gögn milli dreifðra upplýsingakerfa, í gegnum tengda eða ótengda fjarskiptamiðla.

803 Landfræðileg samþjöppunarþjónusta (*comGeographicCompressionService*)

Þjónusta sem umbreytir landfræðilegum hluta fitjusafns yfir á þjappað form og yfir á afþjappað.

804 Landfræðileg sniðumbreytingarþjónusta (*comGeographicFormatConversionService*)

Þjónusta sem umbreytir landfræðilegum gögnum af einu sniði yfir á annað.

805 Skeytasýsluþjónusta (*comMessagingService*)

Þjónusta sem gerir mörgum notendum kleift samtímis að skoða og gera athugasemdir við fitjusöfn og fara fram á endurskoðun á þeim.

806 Umsjón með fjarskrám og keyranlegum skráum (*comRemoteFileAndExecutableManagement*)

Þjónusta sem veitir aðgang að aukageymslum fyrir landfræðilegar fitjur eins og þær væru staðbundnar.

5. SAMRÆMISSTIG

5.1. Í samræmi (conformant)

Tilfangið er fyllilega í samræmi við forskriftina sem um getur.

- 5.2. Ekki í samræmi (notConformant)
Tilfangið er ekki í samræmi við forskriftina sem um getur.
 - 5.3. Ekki metið (notEvaluated)
Samræmið hefur ekki verið metið.
 - 6. HLUTVERK ÁBYRGS AÐILA
 - 6.1. Tilfangaveitandi (resourceProvider)
Aðili sem útvegar tilfangið
 - 6.2. Vörsluaðili (custodian)
Aðili sem axlar ábyrgð á gögnunum og tryggir að annast sé um tilfangið og að því sé við haldið á viðeigandi hátt.
 - 6.3. Eigandi (owner)
Aðili sem á tilfangið.
 - 6.4. Notandi (user)
Aðili sem notar tilfangið.
 - 6.5. Dreifingaraðili (distributor)
Aðili sem annast dreifingu á tilfanginu.
 - 6.6. Upphafsmáður (originator)
Aðili sem bjó til tilfangið.
 - 6.7. Tengiliður (pointOfContact)
Aðili sem hafa má samband við til að fá vitneskju um tilfangið eða til að afla þess.
 - 6.8. Rannsóknarstjóri (principalInvestigator)
Aðili sem ber lykilábyrgð á að afla upplýsinga og framkvæma rannsóknir.
 - 6.9. Vinnsluaðili (processor)
Aðili sem unnið hefur gögnin þannig að tilfangið hefur breyst við það.
 - 6.10. Útgefandi (publisher)
Aðili sem gaf tilfangið út.
 - 6.11. Höfundur (author)
Aðili sem hannaði tilfangið.
-